



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR

Stefnumótun 2022 – 2030

15 . desember 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur Skógræktarfélags Reykjavíkur	3
Gildi félagsins og einkunnarorð	4
Framtíðarsýn	5
Stefnumótandi áherslur	6
1. Hag- og samstarfsaðilar	6
2. Félags- og fræðslustarf	6
3. Samstarfsverkefni og rannsóknir	7
4. Umhverfis- og loftslagsmál	7
5. Skógræktarframkvæmdir	8
6. Útivistarsvæði - rekstrareiningar	8
7. Skógarafurðir	9
8. Umsjónar- og eignalönd	9
9. Aðstaða, húseignir	10
10. Starfsmenn, verktakar, landnemar, sjálfboðaliðar	10
11. Búnaður	10
12. Eignarhald og bakgrunnur	11
13. Fjármál	11
14. Stjórnun	11

Samþykkt á fundi stjórnar 15. desember 2022

Inngangur

Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur hóf í byrjun árs 2022 vinnu við endurskoðun á fyrri stefnumótun sem náði til ársins 2017.

Undirbúningur stefnumótunarinnar hefur verið í höndum stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna þar sem núverandi staða hefur verið greind þar með talið þær áskoranir og tækifæri sem vinna þarf með.

Gerðar voru kannanir meðal félagsmanna og samstarfsaðila félagsins á viðhorfum til starfseminnar.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur frá upphafi árið 1901 verið hagsjónarfélag þeirra Reykvíkinga sem hafa viljað rækta skóg til útivistar.

Síðustu ár hefur skógurinn áunnið sér aukna virðingu vegna fjölbreyttra útivistarmöguleika og lýðheilsueflandi áhrifa. Þetta má m.a. þakka starfsemi skógræktarféлага sem hafa opnað skóga sína og byggt upp innviði s.s. áningarstaði, lagt vegi og slóða fyrir göngufólk, skíðafólk og hjólríðafólk.

Verkefni Skógræktarfélags Reykjavíkur hafa því vaxið frá því að vera einskorðuð við gróðursetningu plantna í Heiðmörk yfir í fjölbreytt útivistarverkefni í Reykjavík, Fellsmörk, Esjuhlíðum, á Múlastöðum og Reynivöllum auk skógarumhirðu, sölu og þróunar viðarafurða. Einnig stýrir félagið fjölbreytilegum verkefnum eins og loftlagsskógum í Úlfarsfelli í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Áskoranir í umhverfis- og loftslagsmálum og gildi skógræktar í þeim efnum ásamt mikilvægi lýðheilsuáhrifa skóga munu hafa áhrif á störf Skógræktarfélags Reykjavíkur á þeim tíma sem meðfylgjandi stefnumótun nær til.

Tilgangur Skógræktarfélags Reykjavíkur

Tilgangur félagsins er að vinna að skógrækt, trjárækt og landbótum fyrir almenning í Reykjavík og víðar. Vill félagið með því stuðla að bættu samspili og lífsskilyrðum manna, dýra og gróðurs.

Félagið vill ná tilgangi sínum meðal annars með því:

- Að leggja stund á skógrækt og styðja við skógrækt einstaklinga, félaga og fyrirtækja.
- Að veita fræðslu um skógrækt, trjárækt, umhverfis- og loftslagsmál og gildi skóga í náttúrunni.
- Að stuðla að rannsóknum á öllum þáttum skógræktar, runna- og trjátegunda.
- Að starfa með Reykjavíkurborg að ræktun á löndum borgarinnar.
- Að starfa með viðeigandi aðilum á hverjum stað s.s. félögum, einstaklingum og sveitarfélögum að framgangi skógræktar.
- Að hafa umsjón með skógræktar- og útivistarsvæðum.
- Að vera vikur þáttakandi í bindingu kolefnis með skógrækt.

Einstaklingar, félög, stofnanir og fyrirtæki geta orðið félagar.

Gildi félagsins og einkunnarorð

- **Rækt**
 - Skógrækt og mannrækt
 - Lýðrækt og útivist
 - Uppgræðsla
 - Uppfræðsla
- **Umhirða**
- **Sátt og samvinna**
 - Við umhverfið
 - Við önnur sjónarmið
- **Vandvirkni**
- **Félagsauður**

Framtíðarsýn

Skógræktarfélag Reykjavíkur mun sem fyrr vera hugsjónafélag fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa, sem vilja stunda útivist og skógrækt m.a. til að bæta lýðheilsu og vinna gegn loftmengun með kolefnisbindingu í skógi.

Með aukinni fjölbreytni í starfsemi félagsins hefur mikilvægum hag- og samstarfsaðilum fjölgað og frumkvæði að skipulögðu og góðu samstarf við þá verður því sífellt mikilvægara. Fræðsla til félagsmanna, almennings og barna hefur farið vaxandi og mun verða svo áfram með námskeiðahaldi, skipulögðum viðburðum og móttöku hópa frá leikskólum, grunnskólum og fyrirtækjum sem koma m.a. til þess að njóta fræðslu, útivistar og gróðursetja trjáplöntur.

Haft verður í huga að fólki sem ekki er með íslensku að móðurmáli hefur fjölgað ört. Í mörgum tilvikum hefur fólk sem hingað flytur alist upp við útivist í skóglendi og margt hægt að læra af því.

Góð tengsl við framangreinda aðila er forsenda fjölgunar félagsmanna.

Þekking er grundvöllur árangurs Áhrif loftslagsbreytinga kalla auk þess á nýja þekkingu. Þátttaka í rannsóknarverkefnum er því lykill að framtíðarárangri í störfum félagsins. Félagið mun beita sér með virkum hætti í umhverfis- og loftslagsmálum.

Skógrækt og skógræktartengd verkefni á starfssvæðum félagsins eru ein af grunnstoðum í starfsemi þess og þurfa að skapa tekjur m.a. fyrir félags- og fræðslustarfsemi eins og áður. Uppbygging útivistarinnviða og útivistarþjónusta í öruggu umhverfi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa dregur að sér sífellt fleiri þátttakendur af öllu höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin öll þurfa því að styðja við þá vaxandi starfsemi sem þessu fylgir.

Félagið styður við hringrásarhagkerfi skógarins með sjálfbærri vinnslu og nýtingu skógarafurða. Með auknum afköstum skógarins í timburframleiðslu þarf viðarvinnsla að fylgja þeirri þróun eftir. Einnig er stefnt að því að nýta þá miklu möguleika sem felast í sjálfbærri framleiðslu og sölu jólatrjáa.

Skógræktarfélag Reykjavíkur á tvö eignarlönd á Múlastöðum og í Fellsmörk. Auk þess hefur félaginu verið falin umsjón með sífellt fleiri löndum í eigu opinberra aðila. Öll þessi lönd eru opin almenningi og þurfa að vera aðgengileg öllum. Þetta kallar á stöðuga vinnu við gerð skipulags- og skógræktaráætlana og skipulagða vöktun m.t.t. öryggis og brunahættu.

Félagið hefur haft meginaðsetur að Elliðavatni inni í sjálfri Heiðmörkinni sem undirstrikar vel starfsemi þess. Vilji er til að tryggja framtíðarveru félagsins á þessum stað með langtíma leigusamningi. Uppbygging hefur átt sér stað á Múlastöðum og verður haldið áfram sem og þróunarverkefninu í Fellsmörk.

Félagið leggur áherslu á að hafa góða starfsmenn með breiða þekkingu, einnig að hafa góð tengsl við sérhæfða verktaka og sjálfbóðaliða til að takast á við vaxandi framtíðarverkefni þess. Verkefni félagsins munu kalla á sérhæfðari búnað. Meta þarf hagkvæmni þess að eiga, leigja eða fá verktaka með sérhæfðan búnað.

Félagið verður áfram frjálst almannaheillafélag fyrir hugsjónafólk um skógrækt og útivist. Áfram verður staðinn vörður um eignir félagsins og ávöxtun þeirra.

Með nýtingu rafrænnar tækni til stjórnunarlegra samskipta verður stjórnun félagsins og verkefna þess gerð skilvirkari.

Stefnumótandi áherslur

1. Hag- og samstarfsaðilar

Félagsmenn
Samstarfsaðilar
Styrktaraðilar

Markmið

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur áherslu á gott samstarf við sína hag- og samstarfsaðila sem eru félaginu svo mikilvægir. Við viljum að hag- og samstarfsaðilar meti ágæti samskipta ekki undir 4 af 5 í könnunum meðal þeirra.

Leiðir

- Skjót og greið samskipti við hag- og samstarfsaðila.
- Upplýsingamiðlun beint til hag- og samstarfsaðila.
- Ánægjumæling meðal hag- og samstarfsaðila annað hvert ár í árslok.
- Leiðandi í samstarfi við skógræktarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.
- Virkur þátttakandi í starfi Skógræktarfélags Íslands.
- Félagið bjóði í heimsókn helstu hag- og samstarfsaðilum.

2. Félags- og fræðslustarf

Félagsmenn og öflun nýrra félagsmanna
Fræðsla, upplýsingar, heimasíða
Könglatínsla, græðlinganámskeið
Viðburðir
Heiðmerkurhlaupið,
Barnastundir
Jólamarkaður

Markmið

Tilgangur félagsins er m.a. að veita fræðslu. Markmiðið er að ná sífelld til fleiri félagsmanna, almennings og barna með félags- og fræðslustarfi.

Að minnst 2% borgarbúa séu skráðir félagar.

Að allt að 10% tekna fari til félags- og fræðslustarfa.

Leiðir

- Nýta heimasíðuna og samfélagsmiðla til að fræða og upplýsa.
- Námskeiðahald.
- Vera í samstarfi við leik- og grunnskóla, Tækniskólann, Listaháskólann sem og menntaskóla.
- Skipulagðir viðburðir
Gróðursetningar/loftslagsskógar, Heiðmerkurhlaupið, gönguskíðabrautir og fræðslugöngur í skóginum.
- Jólamarkaðurinn.

- Fræðsla og móttaka hópa, fyrirtækja og landnema.
- Gróðursetning fyrirtækja sem liður í samfélagslegri ábyrgð þeirra.
- Nýta öll samskipti m.a. námskeið, viðburði og Jólamarkaðinn til þess að afla nýrra félagsmanna.

3. Samstarfsverkefni og rannsóknir

Markmið

Þátttaka í rannsóknarverkefnum og hvatning til aukinna rannsókna á öllum þáttum skógræktar og nytja þeirra.

Að framlag til rannsóknarverkefna sé metið og að það sé ekki undir 3% af starfsemi félagsins.

Leiðir

- Þjóða nemendum við bæði íslenska og erlenda háskóla upp á vettvangsnám í Heiðmörk.
- Samstarf við Tækniskóla Íslands, Fjölbrotarskólann í Breiðholti, Listaháskóla Íslands, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Garðyrkjuskólann.
- Aðstoða við öflun styrkja fyrir nemendur í BSc, MSc og PhD námi.
- Þjóða vísindafólki/rannsakendum og nemum gistingu í Elliðavatnsbænum.
- Kynna niðurstöður rannsókna.
- Þátttaka fyrirtækja og einstaklinga í gróðursetningum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.
- Notkun Landupplýsingakerfis og kortagrunns og skila inn gögnum til Skógræktarinnar.
- Taka þátt í rekstri trjásafns í Esjuhlíðum.

4. Umhverfis- og loftslagsmál

Vatnsvernd

Loftslagsskógar

Öryggismál og brunavarnir

Markmið

Að gæta að vatnsvernd og auka meðvitund um mikilvægi hennar.

Að efla vitund um mikilvægi umhverfis- og loftslagsmála.

Að vera virkur þátttakandi í umhverfisbótum og bindingu skaðlegra lofttegunda úr andrúmsloftinu.

Að horfa til umhverfissjónarmiðum í öllu starfi félagsins

Leiðir

- Standa fyrir fræðslu og taka þátt í almennri umræðu um vatnsvernd, umhverfismál, loftslagsmál og skógrækt.
- Setja umhverfis- og loftslagsmál inn í lög félagsins.
- Leggja áherslu á "Loftslagsskóga Reykjavíkur" í samvinnu við Reykjavíkurborg.
- Auka skógrækt á eigin jörðum til að þjónusta kolefnisbindingarverkefni.
- Gefa fyrirtækjum tækifæri til að sýna samfélagslega ábyrgð með þátttöku starfsmanna í skógrækt.
- *Fjárfesta í kolefnisbindingarverkefnum og selja kolefniseiningar.*
- Gera áætlun um flóttaleiðir og brunaáætlun fyrir skógræktarsvæði í umsjón félagsins.

5. Skógræktarframkvæmdir

Framkvæmdir
Skógræktaráætlanir
Framkvæmdaleyfi
Gróðursetningar
Umhirða og grisjun
Stígagerð

Markmið

Að framkvæmdaverkefni skapi tekjur til að standa undir félags- og fræðslustarfsemi félagsins.

Að skipulag borgarinnar taki afstöðu til skógræktar.

Að gegna ráðgefandi hlutverki fyrir Reykjavíkurborg í skógrækt og umsjón útivistarsvæða.

Að gróðursetja samtals 200.000 plöntur á ári þar af 60.000 innan verkefnis Vesturlandsskóga á Múlastöðum.

Að grisja 8 ha af skógi á ári.

Að bæta við 3 km af nýjum stígum á ári ásamt að bera í þá stíga sem eru illa farnir.

Leiðir

- Annast útvistuð verkefni hjá borginni m.a. gróðursetningar, umsjón skóglenda og útivistarsvæða.
- Vinna skógræktaráætlanir fyrir væntanleg skógræktarsvæði innan borgarinnar.
- Vinna að skógrækt á Kjalarnesi.
- *Hafa yfir að ráða nægri þekkingu, mannafla og tækjabúnaði til að fræða, gróðursetja, gera skógræktaráætlanir, grisja og vinna skógarafurðir.*
- Vera í góðum samskiptum við verktaka sem taka að sér þau verkefni sem ekki eru falin starfsmönnum félagsins við gróðursetningar, umhirðu, grisjun og stígagerð.
- Gera samninga við fyrirtæki um kostun verkefna.
- Að tryggja að fjármunir fylgi nýjum verkefnum.

6. Útivistarsvæði - rekstrareiningar

Áningarstaðir
Skilti, merkingar
Vegir í Heiðmörk

Markmið

Að útivistarinnviðir og útivistarþjónusta í Heiðmörk og Esjuhlíðum laði að sér fólk sem vill njóta útivistar í skógarumhverfi á öllum tímum ársins.

Að öryggi gesta útivistarsvæðanna sé sem best tryggt.

Að útivistarsvæði í umsjón félagsins fái 1.000.000 heimsóknir árlega.

Leiðir

- Að áningarstaðir séu staðlaðir og þannig útbúnir að fjölskyldur og hópar geti nýtt þá í tengslum við útivist.
- Að rekstur snyrtinga sé hjá aðilum sem reka slíka þjónustu.
- Að umgengi um útivistarsvæðin sé vöktuð og komið í veg fyrir skemmdir.

- Að áningarstaðir séu kostaðir af félögum eða fyrirtækjum.
- Að vandað sé til merkinga á útivistarsvæðum.
- Að vegir í Heiðmörk fái ábyrgan veghaldara.
- Tryggja aðgengi að Heiðmörk úr fleiri áttum.
- Að Kópavogur komi að rekstri útivistarsvæða sem nýtast Kópavogsbúum til jafns við íbúa Reykjavíkur og Garðabæjar.
- Að hættumat og úrbætur séu gerðar á helstu útivistarsvæðunum.

7. Skógarafurðir

Viðarafurðir
Jólatrjáasala

Markmið

Að nýta grisjunarvið sem hluta af hringrásarhagkerfi skógarins og sjálfbærri nýtingu. Þurrka og vinna efni þannig að verðmæti timbursins verði sem mest.

Að hægt verði að vinna 300 rúmmetra af timbri árið 2023 og með 1% aukningu eftir það.

Að félögum og almenningi bjóðist að eiga viðskipti beint við viðaraverslu félagsins.

Að jólatrjáaframboð félagsins anni um 10% af eftirspurn eftir innlendum jólatrjám.

Leiðir

- Samhæfa umfang grisjunar og magn vinnsluviðar.
- Uppbygging viðarvinnslunnar tryggi næga afkastagetu og hagkvæmni í vinnslu.
- Góðir sérþjálfaðir starfsmenn.
- Samstarf við aðrar viðarvinnslur.
- Skipuleggja jólatrjáareiti áratugi fram í tímann á aðgengilegum stöðum.
- Félagsmönnum og öðrum sé leyft að finna og fella sín jólatré í jólaskógi.

8. Umsjónar- og eignalönd

Múlastaðir, Reynivellir, Mógilsá og Kollafjörður, Heiðmörk, Fellsmörk, Trjásafn

Markmið

Að annast vel um eignarlönd félagsins á Múlastöðum og í Fellsmörk og lönd í eigu ríkisins, Reykjavíkurborgar, Garðabæjar og Þjóðkirkjunnar sem félagið hefur fengið til umsjónar á Reynivöllum, Mógilsá, í Kollafirði, Heiðmörk og á Austurheiðum.

Að öll svæði í umsjón félagsins séu opin almenning og aðgengileg öllum.

Að fjárfesta í eignarlöndum fyrir þróunarverkefni til þróunar útivistarstaða og ávöxtunar fjármuna félagsins með síðari sölu.

Leiðir

- Vinna að gerð skipulags- og skógræktaráætlana fyrir umsjónar- og eignalönd.
- Skipuleggja landnýtingu m.t.t. gróðurs sem hentar aðstæðum.
- Rekstur útivistarsvæða í samráði við Reykjavíkurborg og hagaðila.
- Slóðagerð tryggi aðkomu, nýtingu skógarins til útivistar, nýtingu skógarafurða og brunavarnir.
- Hafa öryggisáætlanir vegna mögulegra skógarbruna.
- Hvetja til að Reykjavíkurborg ljúki við deiliskipulag Heiðmerkur.

9. Aðstaða, húseignir

Elliðavatn, Múlstaðir, Fell

Markmið

Að Skógræktarfélag Reykjavíkur hafi tryggan langtíma leigurétt til veru á Elliðavatni.

Að byggja upp útivistaraðstöðu fyrir hópa á Múlstaðum.

Að ljúka þróunarverkefninu í Fellsmörk.

Leiðir

- Ganga frá langtíma leigusamningi við OR um Elliðavatnsbæinn.
- Breyta útihúsum á Múlstaðum þannig að útivistarhópar og verktakar geti nýtt þá aðstöðu.
- Klára deiliskipulag Fellsmerkur.
- Gera nýja samninga við landnema í Fellsmörk.
- Stofna rekstrarfélag um leigu fyrir frístundabyggðina í Fellsmörk.
- Innviðaupbygging fyrir félagið og eigin skógrækt í Fellsmörk.
- Gera aðstöðu fyrir starfsmenn í Fellsmörk.

10. Starfsmenn, verktakar, landnemar, sjálfboðaliðar

Markmið

Að hafa góða starfsmenn með breiða þekkingu til að skipuleggja og stjórna verkefnum félagsins.

Að nýta sérhæfða verktaka til verkefna sem teljast betur komin hjá þeim en föstum starfsmönnum félagsins.

Að gefa ungu fólki kost á að afla sér reynslu með vinnu í skógræktarverkefnum.

Leiðir

- Innleiða starfsmannahandbók.
- Mönnun þannig að nauðsynleg þekking sé til staðar hjá félaginu.
- Halda góðum tengslum við verktaka og bjóða út stærri verkefni.
- Vera í tengslum við sjálfboðaliðasamtök innanlands og erlendis.
- Öryggis- og gæðastýring verkefna.
- Vera með opin skógræktarverkefni þar sem almenningur, skólar, fyrirtæki og sjálfboðaliðar geta komið og gróðursett með okkur.
- Veita sjálfboðaliðum tækifæri til að hjálpa okkur við viðhald stíga og hvað eina sem gagnast félaginu.

11. Búnaður

Vélar og tæki

Markmið

Að félagið eigi sjálft mikilvægustu og algengustu tæki sem þarf í daglegri starfsemi. Að leigja sértækan tækjabúnað.

Leiðir

- Meta hagkvæmni þess að nýta eigin tæki, leigja eða fá verktaka.
- Hafa góða geymsluaðstöðu fyrir árstímabundin verkfæri.
- Leitast við að hafa nýleg skógarvinnutæki í rekstri hjá félaginu.
- Hafa tæki lekavottuð í þágu vatnsverndar af heilbrigðiseftirlitinu og vinnuvélar eftirlitsprófaðar að vinnueftirlitinu.
- Minnka notkun kolefnaeldsneytis eftir því sem hægt er
- Kaupa rafdrifin verkfæri og farartæki þegar hægt er."

12. Eignarhald og bakgrunnur

Markmið

Að félagið sé frjálst almannaheillafélag fyrir hugsjónafólk um skógrækt og útivist.

Leiðir

- Halda á lofti því sem félagið hefur áorkað.
- Viðhalda grasrótastarfinu.
- Virkjun félagsmanna sem sjálfboðaliða.
- Skógræktar- og útivistarþjónusta.

13. Fjármál

Markmið

Standa vörð um og ávaxta eigið fé félagsins þannig að það beri ríkulega ávöxtun með takmarkaðri áhættu.

Leiðir

- Meta efnahagsleg áhrif við val á fjárfestingaverkefnum félagsins.
- Nýta eigið fé til fjárfestingar í landi til skógræktar og bindingar kolefnis til síðari endursölu.
- Rekstrar-/þjónustuverkefnum fylgi rekstrarfjármagn.
- Opna fyrir tímabundnar styrktarleiðir/sjóði fyrir átaksverkefni og þá sem vilja leggja ákveðnum málum lið.
- Sækja framlög frá notendum aðstöðu.
- Bókhaldslegt utanumhald fyrir einstaka rekstrarþætti.

14. Stjórnun

Stjórn, skjalastýring, verkefnastjórnun.

Markmið

Virk stjórn félagsins með faglega breidd og reynslu.
Skilvirk dagleg stjórnun og skjalastýring.

Leiðir

- Nýta rafræna tækni til stjórnunarlegra samskipta og skráninga.
- Aðkeypt bókhald frá virtri bókhaldsþjónustu.

- Endurskoðun og reikniskil frá viðurkenndum aðila.
- Hugað sé að kynjahlutfalli í stjórn.